

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1892  
komudagur. 27.3.2008

Til Alþingis,

Reykjavík 26. mars 2008


**Umsögn Félags íslenskra safnafræðinga um tillögu til þingsályktunar um  
prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál, þskj. 238**

Félag íslenskra safnafræðinga er fagfélag háskólamenntaðra safnafræðinga og hefur sem slíkt tekið virkan þátt í starfi *Starfshóps félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði*. Starfshópurinn er einnig skipaður fulltrúum höfuðsafnanna þriggja, Safnaráði, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Félagi íslenskra safna og safnmanna.

Safnafræði (e. Museology) er ört vaxandi fræðigrein sem hefur verið kennd undanfarna áratugi við virta háskóla erlendis. Mikilvægt er að komið verði á meistaranámi í safnafræði hérlendis enda er aukin fagmenntun íslenskra safnmanna forsenda þess efla megi faglegt safnastarf á Íslandi.

Félagið styður hugmyndir að eflingu menntunar á sviði safnafræða við Háskóla Íslandi og að boðið verði upp á vandað meistaranám í safnafræði sem standist samanburð við safnafræðinám við erlenda háskóla. Það er mat Félags íslenskra safnafræðinga að hugmynd um byggðasafna- og byggðafræði falli vel undir áform starfshóps félagsvísindadeildar að koma á meistaranámi í safnafræði.

Fyrir hönd Félags íslenskra safnafræðinga.



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir  
formaður

Flyðrugrandi 20  
107 Reykjavík

fs. 8441035